








## Um gluggasmíði

Um er að ræða nýsmíði á römmum í núverandi gluggakarma. Nýsmíði á gluggum Gl. 7 og Gl. 10 og nýjum miðjupósti í glugga Gl. 4.
Gluggaramma/karma skal smíða úr völdum smíðavið og skal rakastig viðarins skv. mælingu vera 14 - 16% þegar smíðað er. Pósta skal tappa saman og tappa í karma og líma með vatnsheldu lími eða kítti. Rammar skulu blaðaðir saman á hornum og límdir með vatnsheldu lími. Strik skulu vera geirskorin saman á hornum. Vindraufar skulu fræstar í rammastykki og karma og skal þvermál raufanna haldast á hornum.

Á opnanlega ramma glugga skal setja horn og eru lamir áfastar við hornin. Lamir ganga á blöð sem falla í föls. Lamir og horn skulu vera skv. teikningu Ath. að lamir eru bæði fyrir hægri og vinstri hengda ramma og lamastykki eru ekki eins. Lamir og styrktarhorn eru úr heitgalvanhúðuðu járni. Lamir skal hreinsa með Fjölþynni eða Skola 6 eða sambærilegum hreinsiefnum og ryðvarnarmála og leggja hornin í kítti á gluggaramma áður en rammar verða málaðir og settir upp.
Nýja gluggahluta skal grunna einu sinni með einni umferð af olíumálningu íblandaðri 15 % fernisolíu og 5-10% terpentínu.

Eftir grunnmálningu skal mála með tveimur umferðum línolíumálningu eða alkíðolíumálningu með 10% fernisolíu í fyrri umferð inni á verkstæði áður en uppsetning fer fram.
Kíttað skal í bil milli karms og ramma að utan inn að vindraufum að ofan og með hliðum en ekki að neðan.
Opnanlega ramma skal setja upp með heitgalvanhúðuðum lömum, sbr. áður lýst.
Ennfremur skal setja upp gluggakrækjur og stormjárn á opnanlega ramma.
Umframkítti skal fjarlægja vandlega og/eða toppfylla eftir atvikum og að endingu mála yfir ramma og glugga að utan þegar kíttið hefur stirðnað hæfilega sbr. síðasta málningarumferð hér að framan.




Lamirnar hér að ofan eru IPA lamir (Mest hf.), nr. 21553 / 21563

Ekki er gert ráð fyrir að rammar í bílskúrsglugga verði með stallstriki.

Uppgefin mál eru innanmál gluggakarma
Taka skal mál á staðnum af fölsum fyrir nýja ramma.

ÖLL MÁL SKAL SANNREYNA Á STAÐNUM
ÁÐUR EN SMÍÐI HEFST.

ATH: Endanlegar staðsetningar og fjöldi opnanlegra ramma skal yfirfara með verkkaupa áður en smíði hefst.
Sjá útlitsmyndir 2.05, 2.06, 2.07, 2.08

Samþykkt þann
09 FEB. 2007
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Sigurbjartur Halldórsson*

# BREKKUGATA 16 2.09

BREYTINGAR OG ENDURBÆTUR
Gluggayfirlit mkv. 1:20


ARGOS ehf. ARKITEKTASTOFA GRÉTARS OG STEFÁNS
Eyjarslóð 9, 101 Reykjavík
s: 552 1760, f: 562 1687, netf: argos@argos.is 6. október 2006


0.0 2500 mm